

**Ed. 541. Frumvarp til laga [258. mál]**

um breyting á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

- a. Allar húseignir og lausafé, sem í þeim er geymt, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefir hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkast slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svo nefndar „ALL RISKS“ tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.
- b. Neðangreind mannvirki:
  - Hítaveitur.
  - Vatnsveitur.
  - Skolpveitur.
  - Hafnarmannvirki.
  - Brýr.
  - Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.
  - Sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða, að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutrygginguna samkvæmt a. og b. lið hér að framan.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

- a. Öll verðmæti, sem brunatryggð eru, skulu tryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
- b. Ræktað land og lóðir skulu tryggð fyrir þá fjárhæð, sem þau eru skráð á hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.
- c. Mannvirki, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, skulu tryggð fyrir áætlað endurbyggingarverð.
- d. Verði heimildarákvæði 5. greinar notað skulu verðmæti, sem tryggð verða, tryggjast á raunvirði.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

- a. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar lágmarksfjárhæð kr. 5.000.-
- b. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 50.000.-
- c. Verðmæti, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar, lágmarksfjárhæð ákveðin hverju sinni af stjórn stofnunarinnar, innan þeirra marka, sem gilda fyrir a. og b. lið hér að framan.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Árleg iðgjöld skulu vera þessi:

- a. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar 0,25%.
- b. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar 0,20%.
- c. Af verðmætum, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar reiknast iðgjald, sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2% markinu er náð.

Vátryggingarfélög þau, er brunatryggja eignir þær, sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Peir aðilar, sem leggja á og innheimta þinggjöld skulu reikna út og innheimta iðgjöld af löndum og lóðum. Iðgjöld af öðrum verðmætum, sem tryggð eru, skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

Ákveða skal nánar í reglugerð um bókhald og skil á iðgjöldum frá ofangreindum innheimtuaðilum.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Telji váttryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það stjórn Viðlagatryggingarinnar eða váttryggingarfélagi því, o. s. frv.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal setja reglur um meðferð tjóna og mót. Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna. Heimilt er stjórn stofnunarinnar að fela viðkomandi tryggingarfélagi uppgjör minniháttar tjóna. Nánari ákvæði um skipun matsmanna, matsreglur og uppgjör tjóna skal setja með reglugerð.

7. gr.

Í stað síðustu mgr. 13. gr. komi ný mgr. er orðist svo:

Sömu reglur gilda um önnur tryggð verðmæti eftir því sem við á.

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Ennfremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi, sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

9. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórnin skal semja við þau váttryggingarfélag og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker tryggingamálaráðherra úr ágreiningi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 52/1975 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er afrakstur starfa nefndar, sem getið er hér að neðan, og skilaði álit í formi frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands ásamt ítarlegri greinargerð, þar sem í er að finna kort um eldstöðvar, hraun, meiri háttar gjóskufall, jarðskjálftasvæði, jökulhlaup og flóðahættu, en greinargerð þessi birtist hér með:

Greinargerð.

Með bréfi dags. 25. apríl 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd „til þess að kanna möguleika á því að tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiriháttar náttúruhamförum“, eins og m. a. segir í skipunarbréfi nefndarmanna. Verkefni nefndarinnar var jafnframt endurskoðun á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Guðmundur Hjartarson, bankastjóri, Pétur Stefánsson, verkfræðingur, Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur og Ásgeir Ólafsson, forstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefnd sú, er vann að undirbúningi gildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands 1975, aflaði þá ýmissa upplýsinga um slíkar eða áþekkar tryggingar í öðrum löndum. Of langt mál er að rekja þann þátt hér. Það mun þó óhætt að halda því fram, að óvída sé eins víðtæk trygging starfrækt með öðrum þjóðum sem Viðlagatrygging Íslands nú er.

Sú útfærsla á tryggingasviði Viðlagatryggingarinnar, sem nefndin leggur til í meðfylgjandi frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 52/1975, byggir á sömu grundvallarreglum. Skal þar helst nefna, að þau mannvirki og verðmæti, sem tryggð verði, skulu tryggð samkvæmt viðurkenndum almennum váttryggingarvenjum og innan þess ramma, sem lög nr. 20 1954 um váttryggingarsamninga marka.

Meginstyrkleiki Viðlagatryggingarinnar er, og verður að vera, að geta keypt endurtryggingu á alþjóðlegum endurtryggingarmarkaði og á þann hátt dreift afleiðingum og þunga hugsanlegra stórtjóna á milli váttryggingarfélaganna og á milli landa.

Nefndarmenn ræddu ýmsar ábendingar, sem nefndinni höfðu borist um það, hvaða mannvirki og önnur verðmæti væri æskilegt að tryggja umfram þau, sem nú þegar eru tryggð.

Nefndin var sammála um að gera að tillögu sinni, að tryggingarskyldan skuli ná til eftirtalinnna mannvirkja og verðmæta:

Hitaveitna.

Vatnsveitna.

Skolpveitna.

Hafnarmannvirkja.

Brúa.

Raforkuvirkja (þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki).

Sími og önnur fjarskiptakerfi (þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu).

Rætað land og lóðir.

Ýmis önnur verðmæti gæti vel komið til álita að tryggja, en nefndarmenn telja, að seint yrði gerð tæmandi upptalning á slíku. Þeir leggja því til, að inn í 5. gr. laganna verði sett heimildarákvæði, sem geri stofnuninni kleift að tryggja frjálsri tryggingu verðmæti af ýmsu tagi. Slík heimild væri háð samþykki ráðherra og um hana sett nánari ákvæði í reglugerð.

Nefndin lagði mikla vinnu í að afla upplýsinga um hugsanlegar váttryggingarfjárhæðir þeirra mannvirkja og verðmæta, sem að ofan eru talin. Leitað var til hinna ýmsu stofnana og aðila með beiðni um upplýsingar. Í ljós kom, að margir aðilar höfðu ekki handbærar tölur um raungildi eða endurbyggingarverð þeirra mannvirkja, sem þeir hafa umráð yfir. Aðrir töldu sig geta látið vinna að gagnasöfnun en þyrftu tíma o. s. frv. Tafði þetta mjög stórf nefndarinnar.

Niðurstöður samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefir getað aflað og/eða látið gera áætlun um eru þessar:

|                               |         |           |                 |
|-------------------------------|---------|-----------|-----------------|
| Hitaveitur                    | 232 600 | milljónir | Gkr.            |
| Vatnsveitur                   | 68 000  | milljónir | Gkr.            |
| Skolpveitur                   | 93 100  | milljónir | Gkr.            |
| Raforkuvirki (áður ótryggt)   | 531 800 | milljónir | Gkr.            |
| Sími og önnur fjarskiptakerfi | 67 100  | milljónir | Gkr.            |
| Hafnarmannvirki               | 193 100 | milljónir | Gkr.            |
| Brýr                          | 92 000  | milljónir | Gkr.            |
| Ræktað land og lóðir          | 503 500 | milljónir | Gkr.            |
|                               | Samtals | 1 689 200 | milljónir Gkr.  |
|                               | eða     | 16 892    | milljónir nýkr. |

Á verðlagi í árslok 1981 má ætla, að þessi fjárhæð gæti numið 27 milljörðum nýkróna. Nefndinni bárust erindi og ábendingar um að æskilegt væri að tjón af völdum ofviðra yrðu tekin inn í 4. gr. laganna.

Nefndarmenn ræddu þetta mál ítarlega. Komið hefir í ljós í þau skipti, sem meiriháttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir, sem ekki hafa hagnýtt

sér þá tryggingavernd, sem fáanleg er hjá tryggingarfélagunum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a. m. k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka fortryggingu, auk þess heimilstryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum óveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast, að hinn almenni váttryggingarmarkaður annist þessar tryggingar. Einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minniháttar tjón í sama veðrinu, er það undantekning að um sé að ræða s. n. „katastrofutjón“, þ. e. tjón af þeirri stærðargráðu, sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta.

Reynist það hinsvegar vilji Alþingis, að stofnunin bæti einnig tjón af völdum ofviðra, leggur nefndin til, að sjálfsáhætta hinna tryggðu verði helmingi hærrí, þegar um slík tjón er að ræða. Nefndin telur að eigendur húseigna og lausafjár geti í flestum tilvikum komið í veg fyrir slík tjón með fyrirbyggjandi aðgerðum og eðlilegu viðhaldi eigna.

Viðlagatryggingin er hrein eignatrygging eins og t. d. brunatrygging, þ. e. bætir aðeins það beina tjón, sem verður á hinum tryggðu eignum. Það er staðreynd, að margskonar óbeint tjón hlýst af því, þegar byggingar eða tæki brenna, sama gildir að sjálfsögðu um tjón, sem verður af völdum náttúruhamfara. Rekstur fyrirtækja raskast, framleiðsla minnkar eða leggst niður, fólk missir atvinnu.

Nefndinni er ljóst, að viðlagatryggingin verður að þróast stig af stigi og sníða sér stakk eftir vexti. Telur nefndin því ekki tímabært að leggja til, að viðlagatryggingin taki að sér að bæta slík óbein tjón. Rétt þykir því að undirstrika, að svo nefnd **rekstrarstöðvunartrygging** getur innifalið bætur vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Þessa tryggingu geta fyrirtæki, stofnanir og aðrir, sem hafa einhverskonar rekstur með höndum, fengið keypta hjá flestum íslensku váttryggingarfélaganna.


Nokkru eftir að nefndin tók til starfa, kom til umræðu, að nefndin léti gera kort, er sýndu hvar á landinu væri helst hættu á náttúruhamförum, er valdið gætu eignatjóni. Töldu nefndarmenn, að slík kort gætu gefið betri yfirsýn yfir hættusvæðin, en löng lýsing í rituðu máli. Það varð úr, að Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, einn nefndarmanna, tók að sér þetta verk ásamt Guðmundi Ó. Ingvarssyni, landfræðingi.


Eftirtalin kort voru gerð og fylgja þau greinargerð þessari ásamt skýringum:


1. Eldvirkni á nútíma, þ. e. síðustu 10 þúsund árin (eldstöðvar, hraun).
2. Eldvirkni frá því um landnám (eldstöðvar, hraun).
3. Eldstöðvar og meiriháttar gjóskufall.
4. Jarðskjálftasvæði.
5. Jökulhlaup og helstu ár, sem veruleg flóð koma í.

Þá má minna á fróðlegt nefndarálit um jarðskjálfta, er samið var af Eysteini Tryggvassyni, jarðskjálftafræðingi, Sigurði Thoroddsen, verkfræðingi og Sigurði Þórarinssyni, jarðfræðingi árið 1958. Um snjóflóð og skriðuföll liggja fyrir margvíslegar heimildir í rituðu máli, en yfirlitskort eru fá og aðeins af einstaka byggðarlagi. Hér þyrfti vissulega að bæta úr, því öruggasta vörnin gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla er, að ekki sé leyft að byggja eða geyma verðmæti á þeim svæðum, sem hættu er á að þau falli. Mjög aukinn áhugi er nú fyrir þessum málum. Sérstaklega eftir snjóflóðin í Neskaupstað í desember 1974.


Um þau tjón, sem orðið hafa hér á landi af völdum náttúruhamfara, verður ekki fjölyrt. Öllum má vera ljóst, að veðurfar og náttúra landsins eru söm við sig. Þótt til séu heimildir í sögum og annálum frá fyrri öldum um tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara, er óvarlegt að treysta því að heimfæra megi hugtökin „mikið tjón“, „lítið tjón“ eða „vægur jarðskjálfti“, „harður jarðskjálfti“ sem fullgildan mælikvarða á það, sem gæti gerst í dag. Aðstæður allar eru svo gjörólíkar. Þar sem áður var óbyggt að mestu, er nú komið þéttbýli af ýmsum stærðum. Þar sem áður voru tiltölulega óvönduð og ódýr mannvirki, eru í dag vönduð og dýr mannvirki og verðmæti af ýmsum toga. Hin mikla og stöðuga aukning fastra og lausra verðmæta og staðsetning þeirra, oft á svæðum, sem telja verður „hættusvæði“,













eykur líkur á því, að háar fjárhæðir geti verið í húfi, ef tjónsatburður yrði á slíkum stöðum. Það er því álit okkar, að tryggja eigi flest þau mannvirki og verðmæti, sem hættu getur verið á að verði fyrir tjóni af völdum þeirra náttúruhamfara, er um getur í 4. gr. gildandi laga. Um leið og tryggt er gegn þessum tjónum, er tryggt fyrirfram fjárhagslegur grundvöllur fyrir því, að uppbygging og/eða viðgerðir geti hafist án tafar eftir að tjón hefir orðið. Meginþunginn af slíkum tjónum dreifist, eins og áður er bent á, milli váttryggingarféлага og milli landa.

Ekki er það á færi nefndarmanna að spá um hugsanlegt mesta tjón, sem gæti orðið hér á landi í meiriháttar náttúruhamförum. Ógerlegt er að spá um það, hvenær eða hvar jarðskjálfti verður í þeim mæli að stórtjón hljóstist af. Hvenær verða snjóflóð eða skriðuföll á þessum eða hinum staðnum? Fjöll og dalir eru margir hér á landi. Það er því nauðsynlegt, að við gerum okkur grein fyrir þessum hættum og búum okkur undir að mæta þeim.

#### Skýringar með kortunum

Eldgos á Íslandi hafa á nútíma, þ. e. síðustu 10 000 árin, einkum verið bundin við eystra gosbeltið, sem liggur frá Vestmannaeyjum til Axarfjarðar-Melrakkaslétu, og vestra gosbeltið, sem liggur frá Reykjanesi (Reykjaneshrygg) til Langjökuls. Sunnanlands stefna gossprungur frá suðvestri til norðausturs, en norðanlands frá norðri til suðurs. Minna eldstöðvabelti er á Snæfellsnesi og í Mýrasýslu og er stefna gossprungna þar frá aust-suðaustri til vest-norðvesturs. Líklega má telja eldstöðvar við norðanverðan Langjökul og við Hofsjökul allt til norðanverðs Vonarskarðs til þessa beltis. Örafajökull er samkvæmt þessu á sérstöku gossvæði, sem ekki verður tengt gosbeltunum beinlínis.

Á korti 1 eru sýnd öll hraun og flestar meiriháttar eldstöðvar, sem virkar hafa verið síðustu 10 000 árin.

Gos hafa líklega orðið á 5 ára fresti að meðaltali, eða um 20 á öld. Eldvirknin hefur verið margbreytileg. Á fyrri hluta nútímans hafa flæðigos (hraungos) verið algeng, en þeytigos (sprengigos) sjaldgæf. Á þessum tíma urðu flestar dyngjurnar til, svo sem Skjaldbreiður og Trölladyngja, en síðasta mikla dyngjugosið varð fyrir um 3500 árum, þegar Ketildyngja í Ódádahrauni myndaðist og Laxárhraunið eldra rann í sjó í Skjálfaða. Í sumum dyngjugosum runnu geysimikil hraun, mest að magni úr Trölladyngju og Skjaldbreið líklega um 15 km<sup>3</sup> úr hverri fyrir sig. Í dyngju- og sprungugosum hefur nær eingöngu komið upp basaltkvika.

Sprungugos hafa orðið jafnt og þétt allan tímann frá ísaldarlokum. Í nokkrum þeirra hefur komið upp mikið magn af hrauni og verulegt magn af gjósku. Í Skaftáreldum 1783 t. d. 12—13 km<sup>3</sup> og þekur hraunið um 565 km<sup>2</sup> lands (kort 2). Í litlum gosum eða meðalgosum mun tjón af hraunrennsli einkum verða í næsta nágrenni eldstöðva, nema sérstaklega standi á um landslag, en í stórum gosum (magn meira en 0,5—1 km<sup>3</sup>) geta hraunstraumar orðið nokkrir tugir km að lengd, í Skaftáreldum 1783 t. d. um 60 km.

Þeytigos virðast hafa færst í aukana er á nútímann leið (kort 3). Fyrst hinna miklu þeytigosa varð í Heklu fyrir um 6600 árum (H<sub>5</sub>), EN MEST VAR Heklugos fyrir 2800 árum (H<sub>4</sub>), en í því komu upp um 12 km<sup>3</sup> af gjósku, og svarar það til 3 km<sup>3</sup> af föstu bergi. Jafndreift yfir landið hefði þetta gjóskulag orðið um 12 cm að þykkt. Í stærstu þeytigosum hefur eingöngu komið upp súr kvika, þ. e. líparít, t. d. í hinum stóru Heklugosum, svo og í Örafajökli 1362 og Öskju 1875, en gjóska úr basalti hefur einkum orðið til við gos undir jöklum (Katla, Grímsvötn, Þórðarhyrna), í sjó (Surtsey) eða þar sem mikið er um grunnvatn (Hverfjall, Vatnaöldur), ennfremur oft í upphafi gosa (Heimaey, Skaftáreldar). Eldstöðvar, sem framleitt hafa umtalsvert magn af gjósku á nútíma eru sýndar á korti 3. Eldstöðvarnar eru flokkaðar þannig að stór hringur er dreginn kringum þær sem framleitt hafa verulegt magn og lítill hringur kringum þær sem gosið hafa nokkru magni af gjósku. Innan þessara

hringmerktu svæða gæti orðið verulegt tjón af gjóskufalli á mannvirkjum og grónu landi, það er þó háð vindátt meðan á gosi standur. Utan þessara svæða gæti þó m. a. orðið tjón á ræktuðu landi. Mest magn gjósku hafa Hekla og Katla framleitt, enda fjöldi gosa þar orðinn mikill.

Hraun runnin á nútíma þekja um 10 000 km<sup>2</sup> og heildarmagn gosefna mun vera um 400 km<sup>3</sup>, þar af gjóska um 55 km<sup>3</sup>. Hraun runnin á sögulegum tíma, þ. e. síðustu 1100 árin, þekja líklega um 1000 km<sup>2</sup> og magnið mun vera rúmir 40 km<sup>3</sup>. Meðalframleiðsla íslenskra eldstöðva virðist því hafa verið um 0,04 km<sup>3</sup> á ári síðustu 10 000 árin. Til samanburðar skal þess getið að í Heimaeyjargosinu 1973 komu um 0.25 km<sup>3</sup> af hrauni og gjósku, og í Surts-eyjargosinu 1963—67 um 1 km<sup>3</sup>.

Löngum hefur verið talið að þær eldstöðvar séu virkar, sem gosið hafa á sögulegum tíma, en þær eru um 40 talsins. Eftir Heimaeyjargosið 1973 hallast margir að því að til virkra eldstöðva skuli teljast allar þær sem gosið hafa á nútíma. Einnig ber að hafa í huga, að gos eru tíð á ákveðnum svæðum eða í ákveðnum eldstöðvum. Þannig eru gos á Heklusvæðinu á sögulegum tíma um 20 (16 gos í Heklu sjálfri), í Kötlu líka um 20. Af öðrum svæðum, sem hafa verið mjög virk á sögulegum tíma, má t. d. nefna Mývatnssvæðið, Dyngjufjöll, Veidivatnassvæðið og Reykjanes og Reykjanes hrygg (í sjó).

Jarðskjálftar eru nokkuð tíðir á Íslandi og verða þeir einkum á ákveðnum svæðum (sbr. kort 4). Í gosbeltunum verða jarðskjálftar á nokkuð afmörkuðum svæðum og má þar til nefna Reykjaneskaga-Hengil-Langjökul, Mýrdalsjökul, norðvestanverðan Vatnajökul, Mývatns- og Kelduhverfissvæði. Stærstu skjálftar á þessum svæðum ná stærðinni 5-6 á Richterskvarða. Stærstir verða jarðskjálftarnir þó á tveim svokölluðum „þverbrotabeltum“ utan gosbeltanna, þ. e. annars vegar á Suðurlandsundirlendi á beltinu frá Ölfusi í vestri til Heklu í austri, og hins vegar á svæði með norðurströndinni frá Skagafirði í vestri til Melrakkasléttu í austri og frá Dalvík-Húsavík til Grímseyjar. Á þessum tveim svæðum getur stærð jarðskjálfta orðið 7-8 á Richterskvarða. Líklegt er að jarðskjálftar af þessari stærð verði einu sinni eða tvisvar á öld á hvoru svæði. Auk þess verða brotaskjálftar á beltinu norðan Hvítársíðu og í Pverárhlið í Borgarfirði. Stærð skjálfta þar getur orðið 5-6 á Richterskvarða. Hugsanlegt er að þetta svæði nái allt til Snæfellsness.

Þótt jarðskjálftar séu nokkuð tíðir á Íslandi eru harðir skjálftar fremur sjaldgæfir. Áhrif jarðskjálfta á mannvirki eru háð ýmsum ytri aðstæðum, svo sem upptakadýpi og fjarlægð. Þannig getur tiltölulega vægur skjálfti í þéttbýli valdið meira tjóni en harður skjálfti í óbyggðum. Þó ber þess að gæta, að stórir jarðskjálftar geta valdið tjóni langt út fyrir hið eiginlega jarðskjálftasvæði.

Í nokkrar jökulár sem koma undan jöklum, einkum Vatnajökli og Mýrdalsjökli, koma stundum mikil flóð, svokölluð jökulhlaup. Þau eru einkum með tvennum hætti tilkomin, þ. e. annars vegar úr jökulstífluðum lönum og hins vegar vegna eldsumbrota undir jöklum.

Skriðjökla í megindölum loka stundum auðum þverdölum og stífla fyrir vatnsrennsli svo að þar myndast lón. Þegar vatnsdýpi hefur náð ákveðinni dýpt lyftist jökullinn og brýst vatnið þá fram í jökulhlaupi. Þannig koma t. d. árlega hlaup úr Grænalóni við vestanverðan Skeiðarárjökul í Súlu og Núpsvötn og úr Vatnsdalsvatni við austanverðan Heinabergsjökul í Kolgrímu. Af svipuðu tagi eru reyndar einnig hlaup sem nú koma á 4-5 ára fresti úr Grímsvötnum (Skeiðarárhlaup) og árlega í Skaftá úr dæld undir Vatnajökli norðvestan Grímsvatna. Slík hlaup geta komið í fleiri ár, þar sem jökulstífluð lón eru. Vegna þynningar og styttingar jökla síðustu áratugina ættu hlaup af þessu tagi ekki að valda verulegu tjóni, en gætu þó t. d. skaðað brýr og stíflur.

Eldgosum undir jöklum fylgja jökulhlaup og fer stærð þeirra og hámarksrennsli eftir þykkt og stærð jökla. Mest slíkra hlaupa eru Kötluhlaup, sem verða við gos í Kötlu undir Mýrdalsjökli og koma fram á Mýrdalssand. Fram til 1934 voru slík hlaup algeng úr Gríms-

vötnum, en þar hefur ekki gosið síðan. Jökulhlaup af völdum eldsumbrota geta komið úr öllum eldfjöllum, sem hulin eru jökli, má þar til nefna t. d. Öræfajökul, Eyjafjallajökul, Heklu, Snæfellsjökul og Kverkfjöll. Þessi hlaup geta valdið verulegu tjóni, enda eru þau snögg og geta verið með mikinn flóðtopp. Hámarksrennsli Kötluhlaupa er talið vera um 100 000 m<sup>3</sup>/sek.

Við mikið úrfelli eða snögga leysingu koma oft flóð í ár. Mest verða þessi flóð, þar sem mikið af vatnasviði er á tiltölulega jafnháu landi. Þannig er t. d. farið á vatnasviði Ölfusár-Hvítár og Hvítár í Borgarfirði. Tjón af flóðum af þessu tagi geta einkum orðið þar sem land er lágt meðfram ánum.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram veruleg breyting á 5. gr. gildandi laga. Lagt er til, að auk húseigna og lausafjár, sem nú er tryggt, verði skylt að tryggja: Ræktað land, lóðir, hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur, hafnarmannvirki, brýr, raforkuvirki, síma og önnur fjarskiptakerfi.

Þess skal getið að húseignir virkjana og síma eru þegar í tryggingu og vélabúnaður í orkuverum að einhverju leyti.

Skyldutryggingunni er skipt í a. og b. lið. Undir a. lið falla hús, lausafé, ræktað land og lóðir. Þessi verðmæti eru að langmestu leyti í eigu einstaklinga og fyrirtækja.

Undir b. lið falla tilgreind mannvirki í eigu opinberra aðila.

Lagt er til samkv. 3. gr. að munur verði á sjálfsáhættu eftir því hvort verðmætin heyra undir a. eða b. lið. Talin er síður þörf á því fyrir opinbera aðila að tryggja sig fyrir minniháttar tjónum og því eðlilegt, að þeir beri hærri sjálfsábyrgð í hverju tjóni, enda sé tekið tillit til þess við ákvörðun iðgjaldstaxta.

Lagt er til að einstakar sértryggingar falli ekki undir viðlagatrygginguna, nema að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Þá er að lokum lagt til að inn í 5. gr. verði tekið heimildarákvæði um það, að stofnunin geti tryggt frjálsri tryggingu ýmis verðmæti, sem ekki þótti rétt að fella undir skyldutryggingu.

Má í því sambandi nefna, að til umræðu kom hjá nefndinni að tryggja götur, vegi, sundlaugar, ýmiss konar tæki, sem notuð eru við mannvirkjagerð, og mörg önnur verðmæti, sem ekki er venja að brunatryggja.

##### Um 2. gr.

6. gr. nógildandi laga er breytt til samræmis við þá aukningu á tryggingarsviði Viðlagatryggingarinnar sbr. 1. gr. Áður var eingöngu miðað við brunatryggð verðmæti og er svo gert áfram þar sem það á við. Mat Fasteignamats ríkisins er fyrir hendi á ræktaðu landi og lóðum og því eðlilegast og kostnaðarminnst að nota það sem váttryggingargrundvöll.

Váttryggingarverð mannvirkja undir c. lið verður að meta eða áætla í þeim tilvikum, þegar upplýsingar liggja ekki fyrir hjá viðkomandi aðila. Sama gildir um verðmæti, sem tryggð verða samkv. d. lið.

##### Um 3. gr.

Hér er um að ræða breytingu á 7. gr. laganna.

Lagt er til að sjálfsábyrgð tryggðs verði óbreytt eða 5% af hverju einstöku tjóni. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að lágmarksupphæðir verði mismunandi eftir því hvort verðmætin, sem tryggð eru falla undir a. eða b. lið 5. greinar;

a. liður. Lágmarksupphæð tryggðs í hverju tjóni skal vera kr. 5 000

b. liður. Lágmarksupphæð tryggðs í hverju tjóni skal vera kr. 50 000

Allar váttryggingarfjárhæðir hinna tryggðu verðmæta fylgja sjálfkrafa breytingum á vísitölum. Þykir því rétt, að sama gildi um tilgreindar lágmarksupphæðir.

Um 4. gr.

Fyrstu málsgrein 8. gr. er breytt til samræmis við breytingar á 5. gr. gildandi laga. Lagt er til að árlegt iðgjald af verðmætum tryggðum undir a. lið 5. gr. verði 0,25%, er þá bæði tekið tillit til þess að sjálfsábyrgð hins tryggða er verulega hærri og svo þess að nokkur eðlismunur er á þessum verðmætum með tilliti til hugsanlegra tjóna.

Með hliðsjón af því hve margvísleg þau verðmæti eru, sem tryggð kynnu að verða samkvæmt heimildarákvæði 5. gr. þykir rétt að stjórn stofnunarinnar ákveði iðgjöld og skilmála í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Við álagningu iðgjalds á lönd og lódir þykir hagkvæmast að hagnýta tölvutækni og upplýsingar Fasteignamats ríkisins og eins, að innheimtuaðilar hins opinbera innheimti þessi iðgjöld árlega samtímis þinggjöldum, enda komi nýr reitur á þinggjaldaseðilinn fyrir viðlagagjaldið.

Um 5. gr.

Ef breytingar þær sem lagðar eru til að verði á 5. gr. laganna ná fram að ganga verður í ýmsum atvikum nauðsynlegt að tilkynning um tjónsatburð berist beint til stjórnar Viðlagatryggingarinnar.

Um 6. gr.

12. gr. laganna er umorðuð og sett skýrari ákvæði um það hvernig fara skuli með uppgjör tjóna, tilnefningu og hæfni matsmanna. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að ítarleg og glögg ákvæði verði sett um þetta í reglugerð.

Um 7. gr.

Lögð er til ný mgr. í stað síðustu mgr. 13. gr., en gildandi mgr. fjallar eingöngu um lausafé, sem geymt er í fasteignum. Vegna aukins umfangs Viðlagatryggingar Íslands, sbr. 1. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að víkka heimildina, þar sem um er að ræða önnur tryggð verðmæti en lausafé, geymt í fasteignum.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að stjórn stofnunarinnar verði heimilt að verja nokkru fé til rannsókna á eðli náttúruhamfara með það í huga að hægt verði að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum. Ennfremur að henni sé heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem Almannavarnir ríkisins viðurkenni. Verður að telja Viðlagatryggingu réttan vettvang til slíkra styrkja, þar sem starfsemi slíkra björgunarsveita hefur þegar sannað gildi sitt og ómótmælt er að tryggingabætur geta farið eftir því, hversu öflug og skipulögð þessi starfsemi er.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða orðalagsbreytingu á 1. mgr. 22. gr. til samræmis við þær breytingar er í frumvarpinu felast.

Um 10. gr.

Lagt er til að gildistaka miðist við 1. jan. 1983, þar sem töluverða undirbúningsvinna þarf að inna af hendi, ekki síst vegna þeirra trygginga sem bætast við, sbr. 1. gr. b. stl. frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.